

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2137  
komudagur 10.4.2008



KENNARAHÁSKÓLI  
ÍSLANDS

Reykjavík, 7. apríl 2008  
0803035 sk

Nefndarsvið Alþingis  
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögur**

Kennaraháskóla Íslands hafa borist til umsagnar tvær þingsályktunartillögur um háskólasetur, annars vegar á Selfossi (343. mál) og hins vegar á Akranesi (344. mál). Umsögn þessi á við báðar þessar þingsályktunartillögur.

Kennaraháskóli Íslands tekur undir sjónarmið sem sett eru fram í greinargerðum með tillögum þessum um gildi menntunar og nauðsyn þess að bæta háskólamenntun og styrkja rannsóknir á Suðurlandi og Vesturlandi þar sem ekki hefur verið komið upp þekkingarsetrum líkt og annars staðar á landinu, t.d. á Norðurlandi, Austurlandi og á Ísafirði þar sem er háskólasetur. Hins vegar varar skólinn við því að þekkingarsetur séu bundin einu sveitarfélagi og telur heppilegra að þau hafi víðari skýrskotun, eins og hefur sýnt sig að vera heppilegt í starfsemi þekkingarnets Austurlands.

Fræðasetur af því tagi sem þegar hafa verið sett á fót hafa reynst mikilsverðir samstarfsaðilar, ekki síst fyrir Kennaraháskóla Íslands sem rekur öflugt fjarnám. Um þessar mundir eru rúmlega 60% nemenda skólans í fjarnámi. Um það bil helmingur fjarnema býr utan höfuðborgarsvæðisins og um þriðjungur staðnema. Nánari upplýsingar um búsetu nemenda Kennaraháskólans má finna í ársskýrslum skólans á slóðinni <http://www.khi.is/?q=skyrslur>. Skífuritinn sem þar er að finna sýna öflugt starf Kennaraháskóla Íslands um allt land.

Að lokum vekur Kennaraháskólinn athygli á því með sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands 1. júlí næstkomandi mun enn eflast starfsemi háskóla á Suðurlandi þar sem Kennaraháskólinn hefur um árabil staðið fyrir fjölbreyttu háskólastarfi á Laugarvatni. Þar fara fram á vegum Kennaraháskólans – sem verður menntavísindasvið Háskóla Íslands – bæði kennsla og rannsóknir í íþróttافرæðum, heilbrigðisvísindum og á skyldum fræðasviðum.

Virðingarfyllst,

Svanhildur Kaaber  
skrifstofustjóri, skrifstofu rektors

Stakkahlö

105 Reykjavík

Sími: 563 3800

Símbréf: 563 3833

[www.khi.is](http://www.khi.is)